



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Jón Gunnarsson, dómsmálaráðherra

Reykjavík 17. október 2022

Efni: Réttindi og staða barna sem eiga foreldra í fangelsi

Embætti umboðsmanns barna hefur það hlutverk að bæta hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra. Samkvæmt lögum um umboðsmann barna skal embættið afla og miðla gögnum og upplýsingum um aðstæður barna og stöðu tiltekinna hópa barna í samfélaginu. Embættið leggur sérstaka áherslu á þá hópa barna sem lítið hefur verið fjallað um í opinberri umræðu.

Í ár hefur umboðsmaður barna m. a. beint sjónum að börnum fanga og framkvæmdi embættið úttekt á réttindum og stöðu barna sem eiga foreldri í fangelsi.

Um tvær skýrslur er að ræða. Í fyrri skýrslunni er fjallað um íslenska löggjöf sem varðar málefni og réttindi barna og þá sérstaklega börn fanga á Íslandi. Einnig er gerður samanburður milli Norðurlandanna á stöðu barna sem eiga foreldri í fangelsi. Þá er fjallað um þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist á þessu sviði m.a. samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 19/2013, mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og tilmæli Evrópuráðsins um börn fanga. Í seinni skýrslunni er fjallað um reynslu og viðhorf fanga sem eiga börn m.a. varðandi heimsóknaraðstöðu og tilhögun heimsókna.

Skýrslurnar leiða báðar í ljós að brýn þörf er á því að endurskoða málefni sem tengjast fullnustu refsinga með hliðsjón af réttindum og hagsmunum barna. Það þarf að huga betur að þessum hópi barna en staða þeirra hér á landi er mun lakari í samanburði við hin Norðurlöndin.

Umboðsmaður barna áréttar mikilvægi þess að stjórnvöld setji hagsmuni barna í forgang, sbr. 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem kveður á um að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt vera haft að leiðarljósi. Í því felst m.a. að tryggja þarf börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og gera á allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu til að ná því markmiði.

Mikilvægur þáttur í að innleiða Barnasáttmálann er að tryggja að hann sé með markvissum og kerfisbundnum hætti hafður að leiðarljósi við alla stefnumótun, lagasetningu og ákvarðanatöku sem varðar börn.

Fjöldi barna sem eiga foreldri í fangelsi

Fangelsismálastofnun safnar ekki upplýsingum um það hvort eða hversu mörg börn fangar eiga og þ.a.l. hefur enginn aðili yfirsýn yfir það hversu fjölmennur þessi hópur barna er. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur lagt áherslu á nauðsyn þess að aðildarríki Barnasáttmálans safni tölfraðilegum upplýsingum til þess að hægt sé að bera kennsl á mögulega mismunun tiltekinna hópa barna. sbr. 2. gr. Barnasáttmálans. Í lokatilmælum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna vegna fimmtu og sjöttu skýrslu Íslands til nefndarinnar lýsir nefndin yfir áhyggjum vegna skorts á tiltækum tölfraðilegum upplýsingum um mismunun gagnvart börnum og beinir því til Íslands að styrkja söfnun upplýsinga um börn.

Evrópsku fangelsisreglurnar frá 1987, (Recommendation No. (87) 3), kveða á um lágmarksvernd fanga. Umboðsmaður Alþingis hefur áréttað að þó reglurnar séu ekki bindandi beri yfirvöldum fangelsismála hér á landi í samræmi við vandaða stjórnisýsluhætti og með hliðsjón af efni reglnanna, að gæta þeirra í störfum sínum, sbr. mál nr. 1506/1995. Samkvæmt reglunum skal við innritun fanga skrá niður upplýsingar um hversu mörg börn þeir eiga, aldur barnanna og nöfn forsjáraðila, sbr. g. lið 1. mgr. 15. gr. reglnanna. Í lágmarksreglum Sameinuðu þjóðanna um meðferð fanga og reglum um meðferð kvenfanga er að finna sambærileg ákvæði.

Það er grundvallaratriði að upplýsingum sé safnað með markvissum hætti um það hversu mörg börn eiga foreldri í fangelsi hverju sinni til þess að unnt sé að greina stöðu þessa hóps, leggja mat á mögulega mismunun og grípa til ráðstafana til þess að tryggja réttindi þeirra.

Samkvæmt 13. gr. forsetaúrskurðar nr. 6/2022 fer dómsmálaráðherra með yfirstjórn þess málaflökks er lýtur að fullnustu refsinga, þar á meðal málefni fangelsa, fangavistar og Fangelsismálastofnunar. Í ljósi þess hvetur umboðsmaður barna dómsmálaráðherra til þess að eiga frumkvæði að því að Fangelsismálastofnun haldi skrá yfir fjölda barna sem eiga foreldri í fangelsi og safni þessum upplýsingum við upphaf afplánunar í samræmi við evrópsku fangelsisreglurnar, lágmarksreglur Sameinuðu þjóðanna um meðferð fanga og Barnasáttmálann.

Barnafultrúar og upplýsingar til barna

Það er mikil þörf á aðgengilegum, auðskiljanlegum og barnvænum upplýsingum fyrir börn sem eiga foreldri í fangelsi. Börn eiga m.a. rétt á því að fá að vita hvernig þau geti átt í samskiptum við foreldri sitt í fangelsi, hvernig heimsóknum er almennt háttað og hverju þau geta átt von á þegar þau koma í heimsókn. Samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans eiga börn rétt á upplýsingum sem hæfa aldri þeirra og þroska sem er jafnframt ein af meginforsendum fyrir þátttöku barna í málefnum sem þau varða. Á Norðurlöndunum öllum, að Íslandi undanskildu, halda fangelsismálayfirvöld úti sérstökum vefsíðum fyrir börn fanga. Þar er m.a. hægt að nálgast barnvænar upplýsingar um heimsóknir í fangelsi, svör við algengum spurningum, fróðleik um mismunandi tegundir refsinga og fleiri gagnleg atriði fyrir börn sem eiga foreldri í fangelsi.

Á vefsíðu Fangelsismálastofnunar ríkisins má finna síðu tileinkaða aðstandendum fanga. Á síðunni eru lágmarksupplýsingar um heimsóknir barna, en þeim er ekki beint til barna sérstaklega, eins og tíðkast á hinum Norðurlöndunum. Fangelsismálastofnun hefur tekið fram að til standi að búa til vefsíðu sem tileinkuð er upplýsingagjöf til barna. Ekki liggur þó fyrir hvenær til standi að hefja það verkefni. Það er mikilvægt að kapp verði lagt í að bæta úr þessum skorti á upplýsingum til barna í samræmi við kröfur 12. gr. Barnasáttmálans.

Á Norðurlöndunum, að Íslandi og Finnlandi undanskildum, eru jafnframt starfandi barnafulltrúar innan fangelsa. Barnafulltrúar skipuleggja m.a. heimsóknir barna, veita þeim upplýsingar um réttindi þeirra og hagi foreldra. Þá gegna þeir mikilvægu hlutverki í því að stuðla að samskiptum og sambandi foreldra og barna þeirra. Það væri til mikilla hagsbóta fyrir þennan hóp barna ef barnafulltrúar væru starfandi við fangelsin á Íslandi.

Heimsóknir barna

Börn eiga rétt á því að umgangast foreldra sína og ber að virða þann rétt og grípa til sérstakra ráðstafana til þess að gera börnum kleift að njóta þess réttar þó svo að foreldri barns afpláni dóm í fangelsi.

Í 9. gr. Barnasáttmálans er fjallað um börn sem hafa verið aðskilin frá foreldrum sínum m.a. vegna afplánunar foreldris á dómi í fangelsi. Þar er lögð sú skylda á aðildarríki sáttmálans að virða rétt barns til að viðhalda persónulegum tengslum og beinu sambandi við foreldri sitt með reglubundnum hætti, enda sé það ekki andstætt hagsmunum barnsins, sbr. 3. mgr. 9. gr.

Skipulag heimsókna á ekki hafa truflandi áhrif á daglegt líf barna. Barn á t.d. ekki að þurfa að taka frí frá skóla til þess að geta heimsótt foreldri sitt í fangelsi. Það er því afar óheppilegt að t.d. Barnakot, sem staðsett er á Litla Hrauni, sé aðeins opið á milli kl. 13:00 – 15:30 á virkum dögum, en á þeim tíma sækja börn almennt skóla.

Heimsóknaraðstaða fangelsa verður að vera barnvæn og henta mismunandi aldri og þroska barna, en heimsóknaraðstaða fyrir börn innan fangelsa á Íslandi er almennt ekki fullnægjandi. Tengist það m.a. heimsóknartíma líkt og í tilfelli Barnakots og staðsetningu heimsóknaraðstöðu en margir foreldrar vilja hlífa börnum við heimsóknum í lokuð fangelsi. Í sumum tilfellum líkt og á Sogni er ekki til staðar heimsóknaraðstaða fyrir börn og foreldra þeirra.

Þörf á aðgerðum

Að öllu framangreindu virtu og í ljósi yfirstjórnar dómsmálaráðherra með fullnustu refsinga, beinir umboðsmaður barna því til ráðherra, að eiga frumkvæði að því að ráðist verði í nauðsynlegar úrbætur, með það að markmiði að bæta stöðu barna sem eiga foreldri í fangelsi á Íslandi. Það er skýr þörf á því að endurskoða málefni sem tengjast fullnustu refsinga með hliðsjón af réttindum og hagsmunum barna. Tryggja þarf reglulega og markvissa söfnun upplýsinga um fjölda barna sem eiga foreldri í fangelsi. Þá þarf einnig að tryggja að börn fanga fái nauðsynlegan stuðning, aðgang að upplýsingum og viðunandi aðstæður til heimsókna og umgengni við foreldra á meðan á afplánun stendur. Ljóst er að það kallar á sértækar aðgerðir og auknar fjárveitingar til Fangelsismálastofnunar.

Það er ótækt að niðurskurður og kröfur um hagræðingu hjá fangelsismálayfirvöldum komi niður á börnum í viðkvæmri stöðu. Ríkisstjórnin hefur einsett sér að aðbúnaður og réttindi barna á Íslandi séu ávallt í fyrirrúmi líkt og fram kemur í sáttmála stjórnarflokkanna um ríkisstjórnarsamstarf. Þar kemur einnig fram að stuðningur við börn og aðgengi að góðri þjónustu hafi jákvæð áhrif á þroska og velsæld og stuðli að jöfnum tækifærum út í lífið. Það er mikilvægt að stjórnvöld, í samræmi við framangreint, standi vörð um hagsmuni og réttindi barna sem eiga foreldri í fangelsi.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, reading 'Guðrún Bolladóttir', is centered within a light gray rectangular box.

Guðrún Bolladóttir,
settur umboðsmaður barna